

**Fundur undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa**  
**11. nóvember 2021**  
**(lögreglustöðinni Bjarnarbraut 2, Borgarnesi)**

**Kl. 09:25** var undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa komin saman í lögreglustöðinni í Borgarnesi.

*Mættir nefndarmenn:*

Birgir Ármannsson (BÁ), formaður.

Björn Leví Gunnarsson (BLG).

Jóhann Friðrik Friðriksson (JFF).

Líneik Anna Sævarsdóttir (LínS).

Svandís Svavarsdóttir (SSv).

Vilhjálmur Árnason (VilÁ).

Hanna Katrín Friðriksson (HKF).

Diljá Mist Einarsdóttir, Inga Sæland og Þórunn Sveinbjarnardóttir boðuðu forföll.

Svandís Svavarsdóttir vék af fundi kl. 14:55.

*Frá skrifstofu Alþingis voru mætt:*

Elisabeth Patriarca Kruger (EPK), nefndarritari.

Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV), nefndarritari.

Elín Valdís Þorsteinsdóttir (EVP).

Jóhann Örn Sigurjónsson (JÖS).

Sigrún Gautsdóttir (SG).

Vilhjálmur Gunnar Jónsson (VGJ).

*Aðrir sem komu að yfirferð yfir flokkuð kjörgögn:*

Berglind Lilja Þorkeldsdóttir (BLÞ), starfsmaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis.

Guðný Pálsdóttir (GP), starfsmaður sýslumannsins á Vesturlandi.

Guðrún Kristjánsdóttir (GK), starfsmaður sýslumannsins á Vesturlandi.


Þorkell Magnússon (ÞM), starfsmaður sýslumannsins á Vesturlandi.

Þá mættu fjölmiðlamenn sem voru viðstaddir þegar nefndin kom á lögreglustöðina, innsigli voru rofin og kassar voru ferjaðir upp um morguninn.

**Kl. 09:30** voru innsigli (K00007258 og K00007259) á fangaklefa nr. 3 í kjallara lögreglustöðvarinnar könnuð af hálfu formanns undirbúningsnefndarinnar (BÁ).



*Mynd 1: Annað tveggja innsigla við komu.*



*Mynd 2: Annað tveggja innsigla við komu.*

**Kl. 09:31** rauf formaður undirbúningsnefndarinnar (BÁ) innsigli á fangaklefanum. Fluttir voru fimm plastkassar út úr klefanum og upp á þriðju hæð í fundarherbergi almannavarna. Einn kassinn var merktur C-lista, annar kassinn merktur M-lista, þriðji kassinn merktur J-lista, fjórði kassinn var með auðum seðlum og fimmti kassinn með ógildum seðlum.




*Mynd 3: BÁ rýfur innsigli við komu.*



*Mynd 4: Kassar með atkvæði sóttir.*

**Kl. 09:35** var fangaklefi innsiglaður að nýju af BLP með einu innsigli (K00007158).



Mynd 5: BLP innsiglar klefann að nýju. Mynd 6: Innsigli kl. 09:35.

*Fyrirkomulag á yfirferð yfir flokkun kjörgagna í kössum merktum C-, M- og J-lista:*

Einn kassi var tekinn í einu. Yfirferð yfir flokkun fór fram á þremur borðum. Tveir starfsmenn sátu hvor gegnt öðrum við hvert borð (borð 1: GK og ÞV, borð 2: GP og ÞM og borð 3: EVP og SG). Hverju borði voru afhent að jafnaði 2x50 seðla búnt úr viðkomandi kassa. Búntin sem tekin voru úr hverjum kassa voru að jafnaði með teygju. Hvert búnt var yfirfarið tvisvar á hverju borði, þ.e. hver starfsmaður tók eitt búnt og fór yfir hvort flokkun væri í samræmi við þann lista sem var merktur þeim kassa sem kjörgögn voru tekin úr. Þegar búnt hafði verið flokkað einu sinni var það flokkað að nýju af öðrum. Ef upp komu frávik voru þeir seðlar lagðir til hliðar og merktir sérstaklega með gulum miða og voru lagðir síðan efst í viðkomandi kassa þegar yfirferð kjörganga hvers kassa var lokið. *Sá fyrirvari er gerður að ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort um væri að ræða vafaatkvæði sem yfirkjörstjórn hafði úrskurðað um aðfararnótt 26. september 2021 eða hvort um væri að ræða yfirsjón.*

Samkvæmt ákvörðun nefndarinnar voru atkvæði í kössum merktum C-, M- og J-lista stemmd af. Þegar báðir starfsmenn á hverju borði voru búnir að fara yfir flokkun kjörgagna voru seðlarnir taldir að jafnaði í 50 seðla búnt og skráði hver starfsmaður niður fjölda seðla á miða sem settur var á búntið. Eftir að eitt búnt hafði verið talið einu sinni í 50 seðla búnt var það talið aftur af öðrum. Að því loknu voru seðlarnir að jafnaði sameinaðir í 100 seðla búnt og færðir á sérstakt borð (borð 4). Á borði 4 var fjöldi seðla færður til bókar af BLP.



*Mynd 7: Dæmi um uppsetningu við yfirferð yfir flokkun kjörgagna.*

*Yfirferð yfir ógilda og auða seðla:*

Nefndin ákvað að fara að nýju yfir ógilda og auða seðla þar sem nefndin taldi ástæðu til að kanna þá með nánari hætti, en í samantekt undirnefndar undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa frá 26. október 2021 hafði m.a. komið fram að í kassa með ógildum seðlum hafi verið 12 kjörfundarseðlar með merkingum eingöngu á bakhlið seðilsins.

*Yfirferð yfir ónotaða seðla:*

Nefndin taldi ekki ástæðu til að fara að nýju yfir ónotaða seðla og vísar í þeim efnum til samantektar undirnefndar undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa frá 19. október 2021. Nefndin telur þó rétt að taka fram að samkvæmt upplýsingum BLP á fundi með nefndinni 19. október sl. var fjöldi ónotaðra seðla 23.999. Ástæða þess var að í einum bunka frá prentsmiðjunni var að finna 99 seðla. Við afstemmingu undirnefndarinnar 19. október sl. kom það búnt í ljós en einnig kom í ljós annað búnt frá prentsmiðjunni þar sem var að finna 101 seðil. Samtala ónotaðra seðla var því 24.000 en ekki 23.999.

**Kl. 09:38** hófst yfirferð yfir kjörgögn sem voru í kassa merktum C-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan C-lista:

- 1) Kjörseðill. X í tveimur ferningum, þ.e. krossað bæði við C- og P-lista, sbr. mynd 8.

- 2) Kjörseðill. X í tveimur ferningum, þ.e. krossað bæði við C- og D-lista, en krossinn í ferningi D-listans er óljósari þar sem virðist að hann hafi verið strokaður út, sbr. mynd 9. Væntanlega hefur atkvæðið verið úrskurðað greitt C-lista.
- 3) Kjörseðill. X í ferningi C-listans en strikað yfir fyrsta nafn á S-lista, sbr. mynd 10.



Mynd 8: Kjörseðill nr. 1 úr kassa merktum C-lista.



Mynd 9: Kjörseðill nr. 2 úr kassa merktum C-lista.




Mynd 10: Kjörseðill nr. 3 úr kassa merktum C-lista.

Samanburður á afstemmingu og uppgæfnum tölum frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis:

Listi	Afstemming, heildartala seðla í kassa <sup>1</sup>	Seinni talning <sup>2</sup>
C-listi	1.063	1.063

<sup>1</sup> Heildartala atkvæða í viðkomandi kassa sem stemmd var af 11. nóvember 2021.

<sup>2</sup> Tölur frá kosningaúrslitum í Norðvesturkjördæmi.




Mynd 11: Bókhald BLP yfir heildartölu seðla í kassa merktum C-lista.

**Kl. 10:25** lauk yfirferð yfir kjörgögn sem voru í kassa merktum C-lista. Seðlar sem voru sérstaklega merktir voru lagðir efst í kassann.

**Kl. 10:27** hófst yfirferð yfir kjörgögn sem voru í kassa merktum M-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan M-lista:


- 1) Utankjörfundarseðill. Seðill, með stimpluðum listabókstafnum D, fannst meðal lausra utankjörfundaratkvæða í M-kassa, sbr. mynd 12.



Mynd 12: Utankjörfundarseðill nr. 1 úr kassa merktum M-lista.

Samanburður á afstemmingu og uppgæfnum tölum frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis:

Listi	Afstemming, heildartala seðla í kassa	Seinni talning
M-listi	1.280	1.278



Mynd 13: Bókhald BLP yfir heildartölu seðla í kassa merktum M-lista.

**Kl. 11:13** lauk yfirferð yfir kjörgögn sem voru í kassa merktum M-lista. Seðill sem var sérstaklega merktur var lagður efst í kassann.

**Kl. 11:13** hófst á tveimur borðum (borðum 1 og 2) yfirferð yfir kjörgögn sem voru í kassa merktum J-lista. Á sama tíma hófst á borði 3 yfirferð yfir ógilda seðla.

Yfirferð yfir ógilda seðla:

Kjörseðlar:

Merktir aftan á en auðir að framan: 5 stk.

Breyttir/merkt við tvo flokka: 3 stk. (Enginn þeirra var merktur C lista.)


Ógildir: 10 stk. (Enginn þeirra var merktur C lista.)

Samtals ógildir kjörseðlar: 18 stk.

Utankjörfundarseðlar:

Samtals ógildir utankjörfundarseðlar: 17 stk. Í þessum bunka var seðill sem var merktur með spegluðu C. Listabókstafurinn snýr rétt ef seðillinn er lesinn á hvolfi, sbr. mynd 14.


**Samtals ógildir seðlar: 35 stk.**



Mynd 14: Utankjörfundarseðill í kassa merktum ógildum með spegluðu C.

Samanburður á afstemmingu og uppgefnum tölum frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis:

Listi	Afstemming, heildartala seðla í kassa	Seinni talning
Ógildir	35	35



Mynd 15: Bókhalð BLP yfir heildartölu ógilda seðla (til vinstri).



**Kl. 11:26** lauk yfirferð yfir ógilda seðla og borð 3 hóf einnig yfirferð yfir kjörgögn sem voru í kassa merktum J-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan J-lista:

- 1) Kjörseðill. Fyllt út í fering J-listans, sbr. mynd 16.
- 2) Kjörseðill. Fyllt út í fering J-listans, sbr. mynd 17.




Mynd 16: Kjörseðill nr. 1 úr kassa merktum J-lista.



Mynd 17: Kjörseðill nr. 2 úr kassa merktum J-lista.

Samanburður á afstemmingu og uppgefnum tölum frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis:

Listi	Afstemming, heildartala seðla í kassa	Seinni talning
J-listi	728	728



Mynd 18: Bókhald BLP yfir heildartölu seðla í kassa merktum J-lista.

**Kl. 11:48** lauk yfirferð yfir kjörgögn sem voru í kassa merktum J-lista. Seðlar sem voru sérstaklega merktir voru lagðir efst í kassann.

**Kl. 11:48** hófst yfirferð yfir auða seðla.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa með auðum seðlum:

- 1) Kjörseðill. Skrifað aftan á (tveir stórir plúsar) en framhlið er auð, sbr. mynd 19. Ekki var tekin mynd af bakhlið.
- 2) Kjörseðill. Strikað er yfir nafn á B-lista en ferningur er auður. Seðillinn fannst einnig við könnun undirnefndar 26. október, sbr. mynd 20.




Mynd 19: Framhlið kjörseðils nr. 1 úr kassa merktum auðum seðlum. Framhliðin er auð.



Mynd 20: Kjörseðill nr. 2 úr kassa merktum auðum seðlum.

Samanburður á afstemmingu og uppgefnum tölum frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis:

Listi	Afstemming, heildartala seðla í kassa	Seinni talning
Auðir	382	382



Mynd 21: Bókhald BLP yfir heildartölu auðra seðla (til hægri).


**Kl. 12:06** lauk yfirferð yfir auða seðla. Seðlar sem voru sérstaklega merktir voru lagðir efst í kassann.

**Kl. 12:06** ákvað nefndin að afstemma að nýju utankjörfundaratkvæði í kassa merktum M-lista í ljósi þess að þar hafi afstemming atkvæða ekki verið í samræmi við síðari talningu Norðvesturkjördæmis. Í fyrri yfirferð voru utankjörfundaratkvæðin samtals 260.

Samanburður á afstemmingu og uppgefnum tölum frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis:

Listi	Afstemming, heildartala seðla í kassa	Seinni talning
M-listi	1.279	1.278

Við yfirferð að nýju yfir utankjörfundaratkvæði fækkaði atkvæðunum um eitt og voru samtals 259. Væntanleg skýring þess að atkvæðum fjölgi um eitt má rekja til þess að í kassa merktum M-lista var að finna utankjörfundaratkvæði greitt D-lista.



Mynd 22: Bókhald BLP yfir uppfærða heildartölu seðla í kassa merktum M-lista.


**Kl. 12:15** lauk yfirferð yfir utankjörfundargögn sem voru í kassa merktum M-lista.

**Kl. 12:16** var hafist handa við að flytja kassana fimm aftur niður í kjallara lögreglustöðvarinnar.



Mynd 23: Kassar komnir niður í kjallara lögreglustöðvarinnar.

**Kl. 12:20** var innsigli (K00007158) rofið af BLP og kassar ferjaðir inn í fangaklefanum.



*Mynd 24: Innsigli rofið.*



*Mynd 25: Kassar ferjaðir í fangaklefa.*

**Kl. 12:21** var fangaklefi innsiglaður að nýju af BLP með einu innsigli (K00007260).



*Mynd 26: Fangaklefi innsiglaður að nýju af BLP.*



*Mynd 27: Innsigli kl. 12:21.*

Hlé var gert á fundi kl. 12:21-13:15 og nefndarmenn, ásamt starfsfólki, yfirgáfu lögreglustöðina.

**Kl. 13:15** mættu nefndarmenn, ásamt starfsfólki, að nýju í lögreglustöðina.

**Kl. 13:18** rauf formaður undirbúningsnefndarinnar innsigli (K00007260) á fangaklefanum. Fluttir voru níu plastkassar út úr klefanum og upp á þriðju hæð í

fundarherbergi almannavarna. Tveir kassar voru merktir D-lista, einn kassi var merktur F-lista, einn kassi var merktur V-lista, einn kassi var merktur O-lista, einn kassi var merktur P-lista, einn kassi var merktur S-lista og tveir kassar voru merktir B-lista.



*Mynd 28: Innsigli rofið kl. 13:18.*



*Mynd 29: Kassar ferjaðir upp.*




*Mynd 30: Hluti af þeim kössum sem ferjaðir voru upp á þriðju hæð.*

**Kl. 13:22** var fangaklefi innsiglaður að nýju af BLP með einu innsigli (K00007261).



*Mynd 31: BLP innsiglar fangaklefan.*



*Mynd 32: Innsigl kl. 13:22.*

**Kl. 13:25** hófst yfirferð yfir flokkun kjörgagna í kössum merktum D-lista.

*Fyrirkomulag á yfirferð yfir flokkun kjörgagna í kössum merktum D-lista:*

Einn kassi var tekinn í einu. Yfirferð yfir flokkun fór fram á þremur borðum. Tveir starfsmenn sátu hvor gegnt öðrum við hvert borð (borð 1: EVP og ÞV, borð 2: GP og ÞM, og borð 4: BLP og VGJ). Hverju borði (1, 2 og 4) voru afhent að jafnaði 2x50 seðla búnt úr viðkomandi kassa. Búntin sem tekin voru úr hverjum kassa voru að jafnaði með teygju. Hvert búnt var yfirfarið tvisvar á hverju borði, þ.e. hver starfsmaður tók eitt búnt og fór yfir hvort flokkun væri í samræmi við þann lista sem var merktur þeim kassa sem kjörgögn voru tekin úr. Þegar búnt hafði verið flokkað einu sinni var það flokkað að nýju af öðrum. Ef upp komu frávik voru þeir seðlar lagðir til hliðar og merktir sérstaklega með gulum miða og voru síðan lagðir efst í viðkomandi kassa þegar yfirferð kjörganga hvers kassa var lokið. *Sá fyrirvari er gerður að ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort um væri að ræða vafaatkvæði sem yfirkjörstjórn hafi úrskurðað um eða hvort um væri að ræða yfirsjón.*

Samkvæmt ákvörðun nefndarinnar voru atkvæði í kassa merktum D-lista stemmd af og fór sú afstemming fram á borði 3 (SG og GK). Þegar báðir starfsmenn voru búnir að fara yfir flokkun kjörgagna á borðum 1, 2 og 4 voru seðlarnir fluttir á borð 3 og taldir að jafnaði í 50 seðla búnt og skráði hver starfsmaður niður fjölda seðla á miða sem settur var á búntið. Eftir að eitt búnt hafði verið talið einu sinni í 50 seðla búnt var það talið aftur af öðrum. Að því loknu voru seðlarnir að jafnaði sameinaðir í 100 seðla búnt og færðir á sérstakt borð (borð 5). Á borði 5 var fjöldi seðla færður til bókar af BLP.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan D-lista:

- 1) Kjörseðill. Stríkað yfir nafn á 1. sæti D-lista en X í ferningi við M-lista, sbr. mynd 33.
- 2) Kjörseðill. Auður seðill en virðist vera lauslegt pár hjá D-lista, sbr. mynd 34. Á seðlinum var gulur miði þar sem á stendur „ógildur breytt í gildan D“, sbr. mynd 35.



Mynd 33: Kjörseðill nr. 1 úr kassa merktum D-lista.



Mynd 34: Kjörseðill nr. 2 úr kassa merktum D-lista.




Mynd 35: Kjörseðill nr. 2 úr kassa merktum D-lista með miðanum.



Samanburður á afstemmingu og uppgefnum tölum frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis:

Listi	Afstemming, heildartala seðla í kassa	Seinni talning
D-listi	3.897	3.897



Mynd 36: Bókhald BLP yfir heildartölu seðla í kassa merktum D-lista.

**Kl. 15:05** lauk yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kössum merktum D-lista.

**Kl. 15:00** voru eftir kassar af kjörgögnum merktum F-, V-, O-, P-, S- og B-lista.

Fyrirkomulag á yfirferð yfir flokkun kjörgagna í kössum merktum F-, V-, O-, P-, S- og B-lista:

Einn kassi var tekinn í einu. Yfirferð yfir flokkun fór fram á fjórum borðum. Tveir starfsmenn sátu hvor gegnt öðrum við hvert borð (borð 1: EVP og ÞV, borð 2: GP og ÞM, borð 3: GK og SG og borð 4: BLP og VGJ). Hverju borði voru afhent að jafnaði 2x50 seðla búnt úr viðkomandi kassa. Búntin sem tekin voru úr hverjum kassa voru að jafnaði með teygju. Hvert búnt var yfirfarið tvisvar á hverju borði, þ.e. hver starfsmaður tók eitt búnt og fór yfir hvort flokkun væri í samræmi við þann lista sem var merktur þeim kassa sem kjörgögn voru tekin úr. Þegar búnt hafði verið flokkað einu sinni var það flokkað að nýju af öðrum. Að því loknu voru búntin sett saman í 100 seðla búnt og sett á sérstakt borð (borð nr. 5). Þegar yfirferð yfir kjörgögn í viðkomandi kassa var lokið voru gögnin sett að nýju í kassann. Ef upp komu frávik voru þeir seðlar lagðir til hliðar og merktir sérstaklega með gulum miða og voru síðan lagðir efst í viðkomandi kassa þegar yfirferð kjörgagna hvers kassa var lokið. *Sá fyrirvari er gerður að ekki lágu fyrir upplýsingar um hvort um væri að ræða vafaatkvæði sem yfirkjörstjórn hafi úrskurðað um eða hvort um væri að ræða yfirsjón.*

**Kl. 15:00** hófst yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum F-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan F-lista:

- 1) Kjörseðill. X í ferning F-listans en fyrir aftan listabókstafinn er broskall „=)“, sbr. mynd 37.



Mynd 37: Kjörseðill nr. 1 úr kassa merktum F-lista.

**Kl. 15:23** vék GK af fundi og JÖS tók við sæti hennar á borði 3.

**Kl. 15:32** lauk yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum F-lista.

**Kl. 15:29** hófst yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum V-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan V-lista:

- 1) X í ferningi V-lista en einnig X í ferningi S-lista sem strokaður var út, sbr. mynd 38.
- 2) X í ferningi V-lista en einnig X í ferningi B-lista sem strokaður var út, sbr. mynd 39.



Mynd 38: Kjörseðill nr. 1 úr kassa merktum V-lista.



Mynd 39: Kjörseðill nr. 2 úr kassa merktum V-lista.

**Kl. 16:07** lauk yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum V-lista.

**Kl. 16:07** hófst yfirferð yfir flokkun kjörgagna á borði 1 sem voru í kassa merktum O-lista en jafnframt hófst yfirferð yfir flokkun kjörgagna á borði 2, 3 og 4 sem voru í kassa merktum P-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan O-lista:


- 1) Enginn seðill.

**Kl. 16:14** lauk yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum O-lista.

**Kl. 16:31** hóf borð 1 einnig yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum P-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan P-lista:

- 1) Utankjörfundarseðill. Á seðilinn hefur verið ritaður listabókstafurinn P en ritað nafn Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur í 1. sæti, sbr. mynd 40.



Mynd 40: Utankjörfundarseðill nr. 1 úr kassa merktum P-lista.

**Kl. 16:49** lauk yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum P-lista.

**Kl. 16:49** hófst yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum S-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan S-lista:

- 1) Enginn seðill.

**Kl. 17:06** lauk yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kassa merktum S-lista.


**Kl. 17:02** hófst yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kössum merktum B-lista.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan B-lista:


- 1) Kjörseðill. Í ferningi B-lista er að finna hálfan kross sem er eins og strokaður hafi verið út, sbr. mynd 41. Seðillinn lá efstur í kassanum og var ekki hluti af neinu búnti.
- 2) Kjörseðill. X í ferningi D-lista og strikað yfir nafn í 2. sæti listans, sbr. mynd 42. Þegar seðillinn fannst var miði yfir reit D-lista og var efst í kassanum þegar hann var opnaður, sbr. mynd 43.
- 3) Kjörseðill. X í ferningi D-lista sem strokaður var út en einnig X í ferningi B-lista ásamt því að strikað var yfir nafn í 2. sæti þess lista, sbr. mynd 44.
- 4) Kjörseðill. X í ferningi V-lista sem strokaður var út en einnig skákross í ferningi B-lista, sbr. mynd 45.
- 5) Kjörseðill. X í ferningi B-lista en strikað yfir nafn á V-lista, sbr. mynd 46.
- 6) Kjörseðill. X í ferningi B-lista en einnig er X í ferningi F-lista sem virðist hafa að litlum hluta verið strokaður út, sbr. mynd 47.
- 7) Kjörseðill. X í ferningi B-lista en einnig hefur ferningurinn verið fylltur út, sbr. mynd 48.
- 8) Utankjörfundarseðill. Listabókstafurinn B ritaður en ritað nafn Sigurðar Inga Jóhannssonar og strikað yfir nafnið, sbr. mynd 49.



Mynd 41: Kjörseðill nr. 1 úr kassa merktum B-lista.



Mynd 42: Kjörseðill nr. 2 úr kassa merktum B-lista.



Mynd 43: Kjörseðill nr. 2 úr kassa merktum B-lista með miðunum.



Mynd 44: Kjörseðill nr. 3 úr kassa merktum B-lista.



Mynd 45: Kjörseðill nr. 4 úr kassa merktum B-lista.




Mynd 46: Kjörseðill nr. 5 úr kassa merktum B-lista.



Mynd 47: Kjörseðill nr. 6 úr kassa merktum B-lista.



Mynd 48: Kjörseðill nr. 7 úr kassa merktum B-lista.



Mynd 49: Kjörseðill nr. 8 úr kassa merktum B-lista.

**Kl. 18:24** lauk yfirferð yfir flokkun kjörgagna sem voru í kössum merktum B-lista.

Kl. 18:24 var hafist handa við að flytja kassana níu aftur niður í kjallara lögreglustöðvarinnar. Þegar þangað var komið var innsigli (K00007261) rofið af BÁ og kassarnir ferjaðir inn í fangageymsluna.

Kl. 18:30 var fangaklefinn innsiglaður að nýju af BLP (K00007262 og K00007263).



Mynd 50: Fangaklefi innsiglaður af BLP með tveimur innsiglium.



Mynd 51: Innsigli kl. 18:30.



Mynd 52: Innsigli kl. 18:30.

Meðfylgjandi er samantekt á framangreindri yfirferð yfir flokkun kjörgagna ásamt samanburði á könnun nefndarinnar við seinni talningu (kosningaúrslit í Norðvesturkjördæmi).

Fleira var ekki gert.  
Fundu slitið kl. 18:30.

**Samanburður á afstemmingu nefndar 11. nóvember 2021 og  
uppgefnum tölum frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis 26.  
september 2021.**

<b>Listi</b>	<b>Afstemming, heildartala seðla í kassa<sup>3</sup></b>	<b>Seinni talning<sup>4</sup></b>
C-listi	1.063	1.063
M-listi	1.279 <sup>5</sup>	1.278
Ógildir	35	35
J-listi	728	728
Auðir	382	382
D-listi	3.897	3.897

---

<sup>3</sup> Heildartala atkvæða í viðkomandi kassa sem stemmd var af 11. nóvember 2021.

<sup>4</sup> Tölur frá kosningaúrslitum í Norðvesturkjördæmi.

<sup>5</sup> Yfirferð yfir atkvæði M-lista hófst kl. 10:27 og lauk kl. 11:13. Kl. 12:06 var ákveðið að fara að nýju yfir utankjörfundaratkvæði í ljósi þess að þar hafi afstemming atkvæða ekki verið í samræmi við síðari talningu Norðvesturkjördæmis. Í fyrri yfirferð voru utankjörfundaratkvæðin samtals 260 en við yfirferð að nýju yfir utankjörfundaratkvæði fækkaði atkvæðunum um eitt og voru samtals 259. Vætanleg skýring þess að atkvæðum fjölgi um eitt má rekja til þess að í kassa merktum M-lista var að finna utankjörfundaratkvæði greitt D-lista. Heildartala í kassanum var þess vegna skráð 1.279.



## **Yfirlit yfir seðla sem voru sérstaklega merktir í viðkomandi kassa.**

### Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan C-lista:

- 1) Kjörseðill. X í tveimur ferningum, þ.e. krossað bæði við C- og P-lista.
- 2) Kjörseðill. X í tveimur ferningum, þ.e. krossað bæði við C- og D-lista, en krossinn í ferningi D-listans er óljósari þar sem hann virðist hafa verið strokaður út. Væntanlega hefur atkvæðið verið úrskurðað greitt C-lista.
- 3) Kjörseðill. X í ferningi C-listans en strikað yfir fyrsta nafn á S-lista.

### Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan M-lista:

- 1) Utankjörfundarseðill. Seðill, með stimpluðum listabókstafnum D, fannst meðal lausra utankjörfundaratkvæða í M-kassa.

### Yfirferð yfir ógilda seðla:

#### Kjörseðlar:

Merktir aftan á en auðir að framan: 5 stk.

Breyttir/merkt við tvo flokka: 3 stk. (Enginn þeirra var merktur C lista.)

Ógildir: 10 stk. (Enginn þeirra var merktur C lista.)

Samtals ógildir kjörseðlar: 18 stk.

#### Utankjörfundarseðlar:

Samtals ógildir utankjörfundarseðlar: 17 stk. Í þessum bunka var seðill sem var merktur með spegluðu C. Listabókstafurinn snýr rétt ef seðillinn er lesinn á hvolfi.

**Samtals ógildir seðlar: 35 stk.**

### Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan J-lista:

- 1) Kjörseðill. Fyllt út í ferning J-listans.
- 2) Kjörseðill. Fyllt út í ferning J-listans.

### Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa með auðum seðlum:

- 1) Kjörseðill. Skrifað aftan á (tveir stórir plúsar) en framhlið er auð.
- 2) Kjörseðill. Strikað er yfir nafn á B-lista en ferningur er auður. Seðillinn fannst einnig við könnun undirnefndar 26. október 2021.

### Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan D-lista:

- 1) Kjörseðill. Strikað yfir nafn á 1. sæti D-lista en X í ferningi M-lista.
- 2) Kjörseðill. Auður seðill en virðist vera lauslegt þar hjá D-lista. Á seðlinum var gulur miði þar sem á stendur „ógildur breytt í gildan D“.

### Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan F-lista:

- 1) Kjörseðill. X í ferning F-listans en fyrir aftan listabókstafinn er broskall „(=)“.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan V-lista:

- 1) X í ferningi V-lista en virðist hafa verið X við S-lista sem strokaður hefur verið út.
- 2) X í ferningi V-lista en virðist hafa verið X við B-lista sem strokaður hefur verið út.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan O-lista:

- 1) Enginn seðill.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan P-lista:

- 1) Utankjörfundarseðill. Á seðilinn hefur verið ritaður listabókstafurinn P en ritað nafn Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur í 1. sæti.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan S-lista:

- 1) Enginn seðill.

Seðlar sem voru sérstaklega merktir og lagðir efst í kassa merktan B-lista:

- 1) Kjörseðill. Í ferningi B-lista er að finna hálfan kross sem er eins og strokaður hefur verið út. Seðillinn lá efstur í kassanum og var ekki hluti af neinu búnti.
- 2) Kjörseðill. X í ferningi D-lista og strikað yfir nafn í 2. sæti listans. Þegar seðillinn fannst var miði yfir reit D-lista og var efst í kassanum þegar hann var opnaður.
- 3) Kjörseðill. X í ferningi D-lista sem strokaður var út en einnig X í ferningi B-lista ásamt því að strikað var yfir nafn í 2. sæti þess lista.
- 4) Kjörseðill. X í ferningi V-lista sem strokaður var út en einnig X í ferningi B-lista.
- 5) Kjörseðill. X í ferningi B-lista en strikað yfir nafn á V-lista.
- 6) Kjörseðill. X í ferningi B-lista en einnig er X í ferningi F-lista sem virðist hafa að litlum hluta verið strokaður út.
- 7) Kjörseðill. X í ferningi B-lista en einnig hefur ferningurinn verið fylltur út.
- 8) Utankjörfundarseðill: Listabókstafurinn B ritaður en ritað nafn Sigurðar Inga Jóhannssonar og strikað yfir nafnið.

## Samanburður á könnun nefndar 11. nóvember 2021 og við seinni talningu (kosningaúrslit í Norðvesturkjördæmi).

Stjórn málasamtök	Fyrri talning	Seinni talning	Breyting	Könnun nefndar 11.11.21	Samtals með frávikum*
Framsóknarflokkur (B)	4.443	4.448	5		4.445
Víðreisn (C)	1.072	1.063	-9	1.063	1.062
Sjálfstæðisflokkur (D)	3.887	3.897	10	3.897	3.898
Flokkur fólksins (F)	1.513	1.510	-3		1.509
Sósíalístaflokkur (J)	721	728	7	728	726
Miðflokkur (M)	1.283	1.278	-5	1.279	1.277
Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn (O)	72	73	1		73
Píratar (P)	1.082	1.081	-1		1.080
Samfylking (S)	1.196	1.195	-1		1.195
Vinstrihreyfingin - grænt framboð (V)	1.979	1.978	-1		1.978
Auðir seðlar	394	382	-12	382	381
Aðrir ógildir seðlar	24	35	11	35	44
<b>Heildarfjöldi greiddra atkvæða</b>	<b>17.666</b>	<b>17.668</b>	<b>2</b>		<b>17.668</b>

Listi	Lýsing á frávikum**	B	C	D	F	J	M	O	P	S	V	Auðir	Ógildir	Samtals úr kassa
B-listi	Fannst 1 autt atkvæði, 2 ógild atkvæði, 1 atkvæði greitt D			1								1	2	4
C-listi	Fundust 2 ógild atkvæði												2	2
D-listi	Fannst 1 ógilt atkvæði												1	1
F-listi	Fannst 1 ógilt atkvæði												1	1
J-listi	Fundust 2 ógild atkvæði												2	2
M-listi	Fannst 1 atkvæði greitt D			1										1
O-listi	Ekkert athugavert													0
P-listi	Fannst 1 ógilt atkvæði												1	1
S-listi	Ekkert athugavert													0
V-listi	Ekkert athugavert													0
Auðir seðlar	Fannst 1 ógilt atkvæði og 1 atkvæði greitt B	1											1	2
Aðrir ógildir seðlar	Fannst 1 atkvæði greitt C		1											1
<b>Samtals frávík:</b>		<b>1</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>10</b>	<b>15</b>

\*Heildarfjöldi frávika við könnun nefndar 11.11.21 (samtala úr kassa og frávíks) dregin frá heildarfjölda úr seinni talningu

\*\*Sá fyrirvari er gerður að ekki er vitað hvort um sé að ræða vafaatkvæði sem yfirkjörstjórn úrskurðaði um eða hvort um er að ræða yfirsjón.